

Breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar við tillögu að fjármálaáætlun um að hverfa frá frystingu framlaga til jöfnunarsjóðs

Til : Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>
Frá : Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>
Heiti : Breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar við tillögu að fjármálaáætlun um að hverfa frá frystingu framlaga til jöfnunarsjóðs
Málsnúmer : 1903053
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 20.06.2019 09:02:03
Höfundur : Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>
Viðhengi image001.gifimage001.gif

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Þau ánægjulegu tíðindi hafa nú birts á formlegan hátt í breytingartillögu meirihluta fjárlaganefndar við tillögu að fjármálaáætlun að horfið er frá frystingu framlaga til jöfnunarsjóðs.

Eftirfarandi kemur fram:

„Málefнасvið 8. Sveitarfélög og byggðamál.

Gerðar eru tillögur af þrennum toga á málefнасviðinu. Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til að fallið verði frá svokallaðri tímabundinni frystingu framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árin 2020 og 2021. Í því felst hækkun framlaga um 279 millj. kr. árið 2020 og 1.404 millj. kr. árið 2021. Á móti vegur að með endurmati á tekjum ríkissjóðs lækkar hlutdeild jöfnunarsjóðs um samtals 1.488 millj. kr. á tímabilinu. Loks er gerð tillaga um 50 millj. kr. árlega lækkun frá árinu 2021 sem er ætluð til að draga almennt úr útgjaldavexti sviðsins en hefur ekki áhrif á framlög til jöfnunarsjóðsins. Í heildina séð eru því nettóáhrif því sem næst engin á tímabilinu í heild.“

Og hér er nefndarálitid: <https://www.althingi.is/alttext/149/s/1929.html>

Hér eru breytingartillagan: <https://www.althingi.is/alttext/149/s/1930.html>

Lægri fjárhæðir en við höfum verið að tala um í þessu sambandi eru vegna þess að tekjur ríkisins sem framlagið miðast við eru lægri en í upphaflegri tillögu að fjármálaáætlun.

Þessi árangur sem við höfum náð sameiginlega er að þakka góðu og samstilltu átaki í þessu máli eins og allar þær fínu umsagnir sem bárust frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum bera vitni um og þakka ég öllum fyrir frábært samstarf í þessu mikilvæga máli. Við hljótum að fagna sameiginlega í dag??.

Kv. Karl Bj.



Karl Björnsson

framkvæmdastjóri

Beint innval: 515 4910

Netfang: karl.bjornsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.